



# Skólapúlsinn – sept.2018

Sjálfsmat Grunnskóla Húnaþings vestra

## Efnisyfirlit

Skólupúlsinn – nemendakönnun 6. – 10. bekkjar 2018.....	2
Virgni nemenda í skólanum .....	2
Trú á eigin vinnubrögð - árgangaþróun.....	2
Trú á eigin námsgetu - árgangaþróun.....	3
Líðan og heilsa .....	3
Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftár .....	4
Skóla- og bekkjarandi .....	4
Kennarar fara yfir heimavinnuna mína.....	5
Opnar spurningar .....	5
Áskoranir.....	6

## Skólapúlsinn – nemendakönnun 6. – 10. bekkjar 2018.

Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur á staðalnútkvarða eftirfarandi:

- 0,5 stig ekki mikill munur.
- 1,0 stig telst töluverður munur.
- 1,5 stig og meira telst mikill munur.
- Túlkun á mikilvægi munarins fer eftir efni og dreifingu hvers matsþáttar fyrir sig.
- **Bláar stjörnumerktar\*** tölur merkja að svör þátttakenda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

**Mikilvægt er að hafa í huga að þessar niðurstöður lýsa skoðunum hluta nemenda í 6. – 10. bekk. Annað úrtak tekur samsvarandi könnun á vormisseri.**

### Virgni nemenda í skólanum


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,8	43	4,8	4.819	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,7	43	5,0	4.825	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,5	43	5,1	4.866	0,4
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,2	43	4,8	4.862	0,4
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	43	5,0	4.827	-0,7*
1.6. Trú á eigin námsgetu	3,8	43	4,8	4.861	-1,0*

Á þessari töflu kemur fram að áhugi á stærðfræði og náttúrufræði er meiri en á landsvísu og áhugi á lestri er á pari. Hins vegar er munur á trú nemenda á eigin námsgetu og vinnubrögð í námi og hann áberandi lægri en hjá samanburðarhópum.

Þegar spurningar sem mynda matsþáttinn **trú á eigin vinnubrögð** eru skoðaðar kemur í ljós að nemendur við Grunnskóla Húnaþings vestra svara oftari „get nokkurn veginn“ eða „get eiginlega alveg“ en samanburðarhópar svara oftari „get alveg“.

Á myndinni hér að neðan sést þróun árganga og þessi þáttur hefur verið að styrkjast ef litið er til síðustu ára. Það er hins vegar eftirtektarvert að trú nemenda á eigin getu í upphafi 6. bekkjar lækkar ár frá ári þó að trúin styrkist svo þegar á líður.

### Trú á eigin vinnubrögð - árgangaþróun




Þegar spurningar sem mynda matsþáttinn **trú á eigin námsgetu** kemur fram áberandi munur hvað nemendur á Grunnskóla Húnaþings vestra hafa trú á sér í bóklegum fögum, sérstaklega mikill styrkur í stærðfræði, 60% nemenda Grunnskóla Húnaþings vestra segjast „geta alveg“ lært stærðfræði en 48% nemenda á landsvísu. Hins vegar er trú þeirra á eigin námsgetu í list- og verkgreinum áberandi lakari því þau svara oftar „get nokkurn veginn“ og „get eiginlega alveg“ en nemendur á landsvísu svara oftar „geta alveg“. Það er áhyggjuefni en í leiða má líkum að því að það sé í samræmi við niðurskurð á list og verkgreinum árið 2008 og við flutning skóla þar sem meðal annars þurfti að fella niður heimilisfræðikennslu. Myndmennt og smíði hafa verið kennd sem sama námsgrein vegna aðstöðu sem ekki er fullnægjandi. Líkur eru á því að þessi þættir hafi áhrif á trú nemenda á eigin getu í list- og verkgreinum.

Athugli vekur trú nemenda á eigin getu í ípróttum en 70% nemenda á landsvísu segjast „geta alveg“ lært ípróttir en 44% nemendur Grunnskóla Húnaþings vestra segjast „geta alveg“. Það skal þó taka fram að mun fleiri nemendur grunnskóla Húnaþings vestra segjast „geta eiginlega alveg“ lært ípróttir en á landsvísu, en munurinn er nemendum Grunnskóla Húnaþings vestra ekki í vil.

Þá kemur fram munur á trú á eigin getu í dönsku, ensku og upplýsinga- og tæknimennt. Heilt yfir má segja að nemendur Grunnskóla Húnaþings vestra séu hógværi í svörum þegar kemur að trú á eigin getu og svara sjaldnar að þeir „geti alveg“. Enginn munur er á svörum þeirra og hjá landsmeðaltali í „get ekki“ eða „get eiginlega ekki“ nema í dönsku.

#### Trú á eigin námsgetu - árgangaþróun



#### Líðan og heilsa


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	43	4,8	4.819	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,9	43	4,7	4.812	0,2
2.3. Vellíðan	5,1	43	4,8	4.843	0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	5	-	-	-
2.5. Einelti	4,9	43	5,2	4.832	-0,3
2.6. Tíðni eineltis	4,7%	2 <sub>/43</sub>	12,8%	655 <sub>/4816</sub>	-8,1%
2.7. Staðir eineltis	-	2	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	33,3%	14 <sub>/42</sub>	46,4%	2184 <sub>/4737</sub>	-13,1%*
2.9. Hollt mataræði	4,2	43	4,8	4.789	-0,6*

Á þessari töflu koma fram sterkir eiginleikar um að nemendum líði vel, þeir hafi gott álit á sjálfum sér og tíðni eineltis er afar lág. Það er svolítið ósamræmi miðað við niðurstöður í fyrri töflu þar sem nemendur virðast hafa minni trú á námsgetu sinni en landsmeðaltal gefur til kynna. Það styrkir enn líkur á hógværd þeirra í svörum.

Þegar skoðuð eru svör sem snúa að einelti og tíðni eineltis er það gleðiefni að mjög lítið einelti mælist og tíðni þess er áberandi minni en á landsvísu. Á hinn boginn koma fram svör í bekkjum sem eineltisteymið vill skoða nánar og kemur ekki heim og saman við þekkingu okkar á nemendahópnum og hugsanlega geta leynst 1-3 nemendur sem verða fyrir einhverju áreiti sem við vitum ekki af. Af því tilefni verður farið strax í eineltiskönnun samkvæmt Olweusaráætluninni til að reyna að greina þessa þætti betur og finna þá nemendur sem hugsanlega verða fyrir áreiti af hálfu annarra.

Tíðni hreyfingar nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra er lág. Tekið skal fram að þarna eru nemendur spurðir um skipulagt starf, s.s. íþróttastarf fyrir utan skóla.

### Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar



Einnig kemur fram munur á hollu mataræði nemenda og þegar spurningar eru skoðaðar er aðal munur á nemendum Grunnskóla Húnaþings vestra og landsmeðaltali að nemendur Grunnskóla Húnaþings vestra borða mun sjaldnar grænmeti og taka minna eða sjaldnar inn vítamín eða lýsi. Enginn munur er á hversu oft þau borða skyndibita eða drekka gosdrykki. Vitað er að einhverjir nemendur í 6. bekk svöruðu rangt því af þeim nemendum sem tóku könnunina eru nemendur í 6. bekk sem fara reglubundið á æfingar eftir skóla.


### Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,1	43	4,9	4.784	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	43	5,1	4.809	-0,3
3.3. Agi í tímum	5,4	43	5,0	4.808	0,4
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	43	5,2	4.803	-0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	3,8	38	4,9	4.440	-1,1*

Á þessari töflu er samantekt um skóla- og bekkjaranda. Þegar spurningar um samband nemenda við kennara eru skoðaðar eru tvær fullyrðingar sem skera sig úr og það eru spurningarnar „Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel“ og „Flestir kennarar hlusta vel á það sem ég hef að segja“. Í báðum tilfellum eru það 25% nemenda sem eru ósammála þessum fullyrðingum. Á landvísu er hlutfallið 13%.

Þegar skoðaðar eru spurningar sem mynda matsþáttinn „mikilvægi heimavinnu í náminu“ kemur í ljós að skólinn sker sig mjög úr hvort að kennarar fari yfir heimavinnu nemenda. Á landsvísu eru það 71% kennara sem fara yfir heimavinnu nemenda en í Grunnskóla Húnaþings vestra eru það 27% kennara.

#### Kennarar fara yfir heimavinnuna mína



#### Opnar spurningar

Þegar nemendur eru beðnir um að skrifa hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann nefna þeir margt en eftirtaldir þættir koma oftast fram:

- Allt!
- Kennarar skemmtilegir.
- Maturinn, sérstaklega á fimmtudögum.

Þegar nemendur eru beðnir um að skrifa hvað þeim finnst slæmt eða megi betur fara við skólann nefna þeir margt en eftirtaldir þættir koma oftast fram:

- Símareglur.
- Alltaf fiskur í matinn.
- Kennarar og skólaliðar.

## Áskoranir

Trú á eigin námsgetu og vinnubrögðum í námi

- Danska
- Enska
- Íþróttir
- Upplýsinga- og tæknimennt
- List- og verkgreinar

Líðan og heilsa

- Einneltiskönnun.

Skóla- og bekkjarandi

- Fara yfir heimavinnu.
- „Flestir kennarar eru áhugasamir um að nemendum líði vel“ og „Flestir kennarar hlusta vel það sem ég hef að segja“

Einneltisteymi hefur útbúið umræðupunkta fyrir umsjónarkennara og faggreinakennara til að ræða þessar niðurstöður við nemendur. Niðurstaða úr þeim punktum verður nýtt til umbóta í skólastarfinu og til að dýpka skilning á svörum nemenda.

Um miðjan nóvember verður lögð fyrir einneltiskönnun í 5. – 10. bekk og líðankönnun í 1. – 4. bekk.

Sigurður Þór Ágústsson

Skólastjóri